

Alþingi
Erindi nr. P 135/2023
komudagur 4.4.2008



Reykjavík, 2. apríl 2008

Mál. 442

Umsögn Hjálparstarfs kirkjunnar um frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Umsagnaraðili: Hjálparstarf kirkjunnar, Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri.

Almenn umsögn:

Hjálparstarf kirkjunnar fagnar frumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og hvetur hið virðulega Alþingi að samþykkja lög. Við tökum undir mikilvægi þess að hornsteinn Íslenskrar utanríkisstefnu séu mannréttindi, aukin þróunarsamvinna og friðsamleg lausn deilumál.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er þróunarsamvinna árangursríkust þegar hún stendur á sterkum siðlegum grunni þ.e. að skapa frelsi, jafnrétti og hagsæld. Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt að lagaramminn sé skýr, samstarf allra þeirra sem að málefnum koma sé góð og gegnsæ og aðstoðin taki mið að þörfum samstarfsaðila ferkar en þörfum gefenda.

Það er einnig mikið fagnaðarefni að lögð er áhersla á aukið samstarf við frjáls félagasamtök sem mörg hver búa yfir mikilli reynslu á þessu sviði og að samstarfi við þau sé komið í fastar skorður samanber t.d. 4.gr. laganna. Tel ég að það muni auka gæði og árangur íslenskrar þróunarsamvinnu.

Athugasemdir:

3. gr. Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Sameinuðu þjóðirnar hafa fyrir löng sett sér það markmið að framlög til þróunarsamvinnu skuli nema 0.7% af vergum þjóðartekjum. Tímabært er að Alþingi seti sér skýrt markmið í þessum efnum t.d. að þessu marki verði náð eigi síðar en 2015 – 2020.

Virðingarfyllt,

Jónas Þórir Þórisson